



Pistill skólastjóra

1. tbl. 2. árgangur - október 2010



Kæru foreldrar/forráðamenn

Mér fannst orðið tímabært að setja nokkur orð á blað til ykkar. Það er ekki annað hægt að segja en að skólastarfið hafi farið nokkuð vel af stað á þessu hausti. Börnin eru námsfús og ganga glöð til daglegra verka sinna hér í skólanum.

Þessar fyrstu vikur skólastarfsins höfum við talsvert unnið með áherslur okkar á útikennslu og hefur það sett skemmtilegan svip á skólastarfið á þessu hausti og á bara eftir að eflast þegar fram líða stundir.

Skólakynningar í 2. - 10. bekk gengu vel sem og skólafærminámskeið fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. Var mæting foreldra mjög góð og þá sér-

staklega hjá foreldrum yngstu barnanna.

Samræmdu prófin gengu vel og lögðu nemendur sig vel fram við að leysa þau verkefni sem þar voru lögð fyrir.



Framundan eru foreldra- og nemendaviðtöl þann 18. október næstkomandi og svo er rétt að minnast á að við verðum með brunnaefingu þriðjudaginn 19. október kl. 9:20.

Vetrarleyfi í Kópavogi eru dagana 25. og 26. október. Þá daga er engin starfsemi í skólanum og því er dægurdvöl lokað þá daga.

Með góðri kveðju,

Friðþjófur Helgi



Endurmenntun og þróunarstarf í Smáraskóla í vetur

Eins og fram hefur komið áður ætlum við í vetur að leggja áherslu á eftirfarandi þætti í endurmenntun starfsmanna okkar:

- Menntun til sjálfbærrar þróunar

M.a. unnið að innleiðingu umhverfisstefnu í skólanum. Gengið til liðs við verkefnið *Skólar á grænni grein*.

- Útikennsla og greindarnám

Markmið verkefnisins eru að allir kennarar skólans öðlist verklega færni til að fara með námið út úr skólafestofunni og nýta skólalóðina og hið frábæra nærumhverfi skólans til kennslu.

- Uppeldi til ábyrgðar

Áframhaldandi innleiðing *Uppbyggingarstefnunnar* þar sem samskiptin á milli einstaklinga byggjast á virðingu og trausti. Allt starfsfólk fær fræðslu og þjálfun í notkun hugmynda-

fræðinnar.

- Skóli án aðgreiningar

Markmið þessa verkefnis er að skoða jafnrétti í skólastarfinu og gera kennara og aðra starfsmenn meðvitaða um hvernig unnið er að jafnrétti í starfi og umgengni við nemendur skólans.

- Fjölbreyttar námsaðferðir og námsmat.

Stefnt er að því að auka verklega færni kennara í notkun fjölbreyttra kennsluaðferða og námsmats.

Það skal þó tekið fram að undir yfirheitið menntun til sjálfbærni falla þættir eins umhverfisvernd, lýðheilsa og jafnrétti. En við tökum þá þætti sérstaklega út í vetur og vinnum með þá í þróunarteymum.

Við vorum svo lánsöm að fá 400.000 kr. í styrk frá Endurmenntunarsjóði

grunnskóla til að mæta kostnaði við námskeið sem styðja við þetta þróunarstarf okkar.

Eftirfarandi þróunarteymi eru starfandi í vetur í skólanum:

- Uppeldi til ábyrgðar
- Jafnréttisteymi
- Smáraskóli á grænni grein
- Heilsuefandi skólar
- Sjálsmat
- Skapandi skólastarf – þróun list- og verkgreinakennslu
- Læsi- og þróun sérkennslu
- Útikennsla og greindarnám



Smáraskóli á grænni grein

Í haust gekk Smáraskóli til liðs við verkefnið *Skólar á grænni grein* og stefnir að því að **stíga skrefin sjö**. Þegar þau hafa verið stígin mun skólinn vinna til alþjóðlegrar viðurkenningar, **Grænfánans**, sem staðfestingu á góðum ásetningi og virku umhverfisverndarstarfi.

Skólar á grænni grein þurfa að hafa tekið a.m.k. sjö eftirfarandi skref til bættrar umhverfisstjórnunar til að fá Grænfánann:

1. Umhverfisnefnd starfar innan skólans.
2. Staða umhverfismála í skólanum er

metin.

3. Áætlun er gerð um aðgerðir og markmið sett til umhverfisbóta í skólanum.
4. Sinn er stöðugu eftirliti og endurmati á umhverfismálum í skólanum.
5. Nemendur fræddir um umhverfismál.
6. Skólinn kynmir stefnu sína út á við og fær aðra með.
7. Skólinn setur sér formlega umhverfisstefnu.

Umhverfisteymi skólans vinnur nú að því að meta stöðu umhverfismála í skólanum og ákveðið hefur verið að horfa til endurvinnslu og flokkunar sem fyrsta skrefs í

umhverfisumbótum í skólanum. Nánari upplýsingar um verkefnið og skrefin sjö má finna á heimasíðu skólans.



Heilsueflandi grunnskólar

Nú í haust var ákveðið að taka formlega þátt í verkefni Lýðheilsustöðvar **Heilsueflandi grunnskólar**. Á næstu misserum verður unnið markvisst að því að seta heildræna stefnu um heilsueflandi skólastarf í Smáraskóla. Sett verður upp tímasett aðgerðaráætlun og í skólanámskrá verður tekið mið af stefnunni. Horft verður til þess að mikilvægt er að víðtækt samráð sé haft við alla hagsmunahópa skólasamfélagsins við móttun stefnunnar. Meginatriði heilsueflandi skóla eru:

- *Stuðlað er að góðri heilsu og líðan nemenda og starfsfólks.*
- *Bættur námsárangur nemenda.*
- *Haldið er á lofti félagslegu réttlæti og jafnréttissjónarmiðum.*
- *Séð er til þess að skólaumhverfið sé*

öruggt og hlúð er að nemendum.

- *Nemendur eru elmdir í námi og félagslífi og stefnt er að því að þeir séu virkir þátttakendur í hvorutveggja.*
- *Tengd eru saman heilsu- og menntamál.*
- *Tekið er á heilsu og vellíðan alls starfsfólks skólans.*
- *Unnið er með foreldrum og sveitarstjórn.*
- *Heilsumálin eru fléttuð saman við daglegt skólalíf, námskrá og árangursmat.*
- *Sett eru raunhæf markmið sem byggjast á nákvæmum upplýsingum og traustum vísindalegum gögnum.*
- *Leitast er við að gera æ betur með því að fylgjast sífellt með og meta stöðuna.*

Sérstök áhersla er á að vinna með átta þætti skólastarfsins, þ.e. nemendur,

mataræði/tannheilsu, heimili, geðrækt, nærsamfélag, hreyfingu/öryggi, lífsstíl og starfsfólk.

Skipað var heilsueflingarteymi til að stýra þessari vinnu hér í skólanum og er formaður þess Símon Geir Þorsteinsson íþróttafræðingur og íþrótta-kennari við skólann.



Skólapúlsinn liður í sjálfsmati Smáraskóla

Smáraskóli er þátttakandi í mælingum Skólapúlsins. Skólapúlsinn er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6. - 10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu. Metinn er

21 þáttur með spurningalista á netinu fyrir nemendur sem tekur um 20 mínútur að svara. Spurningalistinn samanstendur af rúmlega 100 spurningum sem skiptast í fjóra flokka: Virkni nemenda, líðan nemenda, skóla- og bekkjaranda. Þættir sem spurt er um eru: Ánægja af lestri, trú á eigin getu í íslensku, stærðfræði og náttúrufræði, stjórn á eigin árangri, þrautseigja í námi, fjarvera, áhugi á stærðfræði, sjálfstraust, stjórn á eigin lífi, vanlíðan, kvíði, einelti, samsömun við nemandahópinn, samband nemanda við kennara, agi í tímum, hvatning

kennara, virk þátttaka nemanda í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu og trú á eigin vinnubrögð í námi. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Skólapúlsins www.skolapulsinn.is.

Nú í vikunni svöruðu allir nemendur í 4., 6, 8. og 10. bekk einnig nemandakönnun sem hefur verið fastur liður í sjálfsmati skólans. Áætluð um sjálfsmat vetrarins í Smáraskóla má finna á vef skólans og hvet ég foreldra til að kynna sér þau gögn.

skólapúlsinn

Foreldrafélag Smáraskóla

Ný stjórn foreldrafélagsins tók til starfa eftir aðalfund í vor.

Stjórnina skipa eftirtaldir aðilar:

Margrét Hjaltadóttir, formaður
Margrét Rósa Bergmann, gjaldkeri
Kolbrún Hrönn Pétursdóttir, ritari
Halldóra Ólafsdóttir, meðstjórnandi
Sigrún Friðgeirsdóttir, meðstjórnandi

Varastjórn:

Inga Rut Jónasdóttir
Sunna Einarsdóttir
Auður Ösp Helgadóttir
Andrés Pétursson

Skipaðir hafa verið bekkjarfulltrúar í öllum bekkjum og þriðjudaginn 12. október var haldinn fundur með þeim fulltrúum, ásamt stjórn félagsins og stjórnendum skólans.

Á fundinum var m.a. farið yfir hlutverk bekkjarfulltrúa, verkefni vetrarins og í heimsókn kom höfundur bókarinnar

Skóli og skólaforeldrar, Nanna Kristín Christiansen og hélt erindi fyrir fundargesti. Þar fjallaði Nanna um áhrif forelda á námsárangur og líðan barna sinna, hvernig þeir geta nýtt áhrif sín og hvað rannsóknir segja um þennan þátt skólasamstarfsins. Mjög fin mæting var á fundinum og góður umræður sköpuðust.

Á fundinum var m.a. rætt um möguleikann á því að foreldrar kæmu að verkefni skólans sem nefnt hefur verið **Hóla- og fjallaferðir** og eru dagsferðir sem skólinn hefur farið í gegnum tíðina. Nú hefur niður-skurðurinn þau áhrif að skólinn hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að halda þessu áfram í óbreyttri mynd og því kviknaði sú hugmynd hvort að foreldrar tækju þetta verkefni að sér sem hluta af foreldrasamstarfi í bekkjunum. Bekkjarfulltrúar munu kynna þetta nánar í sínum bekkjum

en einnig eru upplýsingar á heimasíðu skólans undir hlekknum **Foreldrasamstarf**.

Á fundinum var einnig minnt á fasta liði í vetrarstarfinu hjá foreldrum sem eru m.a. laufabrauðsdagurinn sem verður haldinn 27. nóvember, öskudagsskemmtun þann 9. mars og hið sívinsæla páskabingó sem verður laugardaginn 9. apríl. Einnig voru bekkjarfulltrúar hvattir til að fá foreldrahópinn til að taka höndum saman og mæta vel í foreldraröltið nú í vetur. Samtaka, allir saman nú :)



Heimili og skóli



Heimsókn grænlestra skólanna í Smáraskóla

Í tvær vikur í september voru góðir gestir hér hjá okkur í skólanum. Um var að ræða 17 börn frá Austur-Grænlandi og tvo kennara þeirra. Aðalmarkmiðið með komu þeirra hingað í Kópavog var að gefa þeim færi á að læra að synda við okkar frábæru aðstæður. En einnig var tilgangurinn með komu þeirra að þau kynnist íslenskum jafnöldrum og þeirri menningu sem við búum við. Móttöku-bekkir hér í Smáraskóla voru 5. G, 5. Ö og 6.B. En 7. bekkirnir tóku einnig þátt í starfinu í kringum heimsókn þeirra.

Nú hafa grænlestra gestirnir okkar horfið til síns heima. Kennarar og nemendur á miðstigi Smáraskóla tóku

afar vel á móti þeim og ýmislegt var brallað. Ásamt því að taka þátt í hefðbundnum kennslustundum fóru Grænlandingarnir að veiða síli í Kópavogslæknum, fóru í Gerplu, gönguferðir og leikir í nærumhverfinu voru einnig vinsælir. Grænlestra nemendurnir sögðu frá og sýndu íslensku krökkunum myndir af heimkynnum sínum með hjálp veraldarvefsins og allir lærðu pínulítið í nýju tungumáli.

Þetta var skemmtileg og fróðleg heimsókn og eiga kennarar og nemendur hrós skilið fyrir gestrisni sína og mótökur.



Stjörnusjónaukar að gjöf

Við fengum góða gesti í heimsókn í dag sem komu færandi hendi. Um var að ræða fulltrúa frá Stjarnvísindafélagi Íslands og Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness sem færðu skólanum tvo stjörnusjónauka að gjöf. Þessi félag hafa með aðstoð góðra aðila, ákveðið að færa öllum grunn- og framhaldsskólum á Íslandi stjörnusjónauka að gjöf. Tilgangurinn er að efla áhuga íslenskra nemenda á raunvísindum og gera þeim kleift að sjá undir alheimsins með eigin augum. Með

sjónaukunum fylgir heimildarmynd með íslenskum texta um 400 ára sögu stjörnusjónaukans. Einnig var nýr og mjög áhugaverður Stjörnufræðivefur tekinn í notkun í haust. Slóðin er www.stjornuskoedum.is.

Það voru nemendur 10. bekk og Skúli Pálsson náttúrufræðikennari sem tóku á móti stjörnusjónaukunum fyrir hönd nemenda og starfsmanna skólans. Af því tilefni var meðfylgjandi mynd tekin.



**Foreldrar
verum samtaka**

Útivistarreglurnar
Á skólatíma
(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20

13 - 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22